

Hvernig viljum við hafa skógana okkar?

Eiríkur Þorsteinsson

Með notkun timburs í byggingar erum við að geyma CO₂ til framtíðar. Því er nauðsynlegt að ákveða hvaða trjategundir við erum að rækta, með það í huga í hvað við getum notað timbrið úr skógunum. Við getum minnkað CO₂ í andrúmsloftinu á þrennan hátt, með því að minnka útstreymið, með því að fjarlægja það úr andrúmsloftinu og/eða koma því fyrir í geymslu. Það gerum við meðal annars með því að binda CO₂ í trjám með skógrækt og nýta viðinn síðan sem afurðir sem standa lengi eins og t.d. stafakirkjurnar í Noregi. Ef við notum 1 rúmmetra af timbri, þá minnkum við losunina um 1 tonn af CO₂, sem er kolefnið í timbrinu. Víða um heim er verið að byggja háhýsi úr timbri. Má þar nefna sem dæmi 86 metra háa byggingu í Milwaukee í Bandaríkjunum og í Kaupmannhöfn er verið að reisa 28.000 fermetra byggingu sem verður stærsta timburbygging í Danmörku. Hönnuðir og skipulagsyfyrvöld þessara landa og annars staðar í heiminum þar sem sambærilegar byggingar eru að rísa lýsa því yfir að það sé verið að byggja geymslur fyrir CO₂. Skógurinn er verðmæti í dag á sama hátt og hann hefur alltaf verið. Þeir sem réðu yfir skógum til forna gátu byggt stórar byggingar, brætt járníð, hamrað stálið og vopnast. Þeir sem áttu góðan við gátu smíðað skip sem nýttust til siglinga, landkönnunar og í orrustu. Sem sagt, timbrið hefur verið notað um aldur og ævi í vöruflókka sem hafa lítið breyst í gegnum aldirnar.

Langtímaverkefni

Nú erum við farin að selja nýja afurð úr skóginum sem byggist á því CO₂ sem skógurinn dregur í sig. Kolefnisjöfnunin er seld í forni aflausnarbréfa sem skógur er síðan ræktadur fyrir. Slík skógrækt án framtíðarsýnar um nytjar skóga er skammsýn. Timburafurðin og umhverfið eru ekki í aðalhlutverki og dýralífið breytist. Það verða til skógar, en eru það skógarnir sem við viljum eða eru þeir á þeim stöðum sem við viljum hafa skóga sem við getum nýtt til framtíðar?



Eiríkur Þorsteinsson

Það er áætlun stjórnvalda að árið 2040 verðum við búin að kolefnisjafna, höfum það í huga þegar við horfum til framtíðar, þetta er stuttur tími í skógrækt. Hvernig verða þessir aflausnarskógar? Skógrækt er langtímaverkefni og árangurinn af henni mótast umhverfi okkar til framtíðar og afurðirnar sem til verða. Skammtímaafurð, eins og kolefnislosun með skógrækt í arðsemiskyni, er ekki gott mál sé ekki

» Íslenskt timbur er ekki síðra að gæðum en það innflutta sé rétt að verki staðið í framtíðinni við ræktunina.

horft til þess hvernig skógurinn erum að rækta frá sjónarmiði nytja.

Mannkynið hefur lifað með skóginum og afurðum hans frá örfóða alda. Hér á Íslandi tókst okkur næstum því að eyða skóginum á litlu ísöld. En með þrautseigju og óbiluðum áhuga tókst okkur að endurheimta og varð-

veita skógana og sanna fyrir þjóðinni að skógur getur vaxið hér á landi. Við skulum ekki gleyma því að skógrækt byrjar hér aftur um aldamótin 1900 og tekur kipp fimm tíu árum síðar. Nú horfum við til trjáa og trjálunda sem við erum stolt af, en þeir sem stóðu að þessu reyndu eftir megni að rækta trén með framtíðarmarkmið í huga. Því miður tókst ekki alltaf vel til, við hefðum þurft að læra af því. Rétt er að taka eitt dæmi og læra, en það er ræktun á ösp. Við höfum ómarkvisst plantað ösp af öllum mögulegum klónum. Þegar þessi vegferð hófst voru menn ekki að velta því fyrir sig í hvað þeir gætu

notað öspina sem timburafurð. Það sem réð var að við vorum búin að finna tré sem óx hér á landi og það hratt og gaf skjól. Nú vitum við að öspina er hægt að nýta í burðarvið ef réttir klónar eru valdir. Rannsóknarverkefni sem við höfum verið að vinna til að meta styrk aspar í burðarvið sýnir að val á réttum klónum skiptir máli og það verður að vinna með það og velja rétt. Í næstu grein mun ég fjalla um skógrækt og hvernig timbur við viljum fá út úr skóginum.

Höfundur er ráðgjafi hjá Trétækniráðgjöf slf.

Sjóvá

440 2000

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 10. mars 2023

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður í fundarsölum H og I á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 10. mars 2023 kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á fjarfestar@sjova.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 28. febrúar 2023. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið stjorn@sjova.is.

sjova.is

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum.

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum lúta að lækun hlutafjár.

Tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar á aðalfundi hafa átt þess kost að koma áhuga sínum, og eftir atvikum framboði, á framfæri við nefndina. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að þau Björgólfur Jóhannsson, Guðmundur Örn Gunnarsson, Hildur Árnadóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro verði kjörin til setu sem aðalmenn í stjórn og þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason verði kosin sem varamenn.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. sunnudaginn 5. mars 2023 kl. 15:00. Framboð skulu berast á netfangið tilnefningarnefnd@sjova.is. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í fundarboði þessu verður endurskoðuð tillaga birt eigi síðar en 8. mars 2023. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu www.sjova.is/adalfundur2023 að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.a.m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, auk annarra upplýsinga og eyðublaða í tengslum við aðalfundinn, verða birt á vefsvæði félagsins www.sjova.is/adalfundur2023.

Aðalfundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík 15. febrúar 2023.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ

Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lífandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öruggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfundar. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægra horni forsíðu mb.is. Þegar smellir er á lógóið birtist fellingluggi þar sem liðurinn „Send inn grein“ er valinn.

Í fyrsta skipti sem innsendikerfið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið. Ítarlegar leiðbeiningar fylgja hverju þrepi í skráningarferlinu. Eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem notanda í kerfið er nóg að slá inn kennitölu notanda og lykilorð til að opna svæðið. Hægt er að senda greinar allan sólarhringinn.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Morgunblaðsins alla virka daga í síma 569-1100 frá kl. 8.30-17.